

Nýjar milliverðlagsreglur og íslenskt atvinnulíf

Um síðustu áramót tóku gildi lög sem fela í sér nýjar og ítarlegar reglur um verðlagningu í viðskiptum milli tengdra aðila eða svokallaða milliverðlagningu (e. *transfer pricing*). Í grunninn byggja lögini á alþjóðlegum leiðbeiningareglum OECD á þessu sviði sem yfir 60 ríki hafa innleitt á síðustu áratugum. Hvatinn að baki þessu samhenta átaki ríkja liggur einkum í því að koma í veg fyrir skattasniðgöngu með óeðlilegri tilfærslu hagnaðar eða kostnaðar milli ríkja og jafnframt að draga úr hættunni á tvískattlagningu í milliríkja viðskiptum.

Taka bæði til innlendra og erlendra viðskipta ...

Þrátt fyrir alþjóðlegan grundvöll reglnanna er gildissvið þeirra ekki einskorðað við viðskipti milli tengdra aðila í tveimur eða fleiri ríkjum heldur taka þær einnig til innlendra viðskipta milli slíkra aðila. Með tengdum aðilum er í stuttu máli átt við meirihlutaeignarhald eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga yfir öðrum lögaðila, bæði með beinum og óbeinum hætti, sem og stjórnunarleg yfirráð. Í tilviki einstaklinga er um að ræða tengsl á grundvelli sifjaréttarlegra banda og/eða fjárhagslegra.

Öllum tengdum aðilum sem eiga í innbyrðis viðskiptum ber að fara eftir umræddum reglum. Annar angir reglnanna felst í svokallaðri skjölunarskyldu. Sú skylda leggst á fyrirtæki þegar þau ná yfir einn milljarð í rekstrartekjum á einu reikningsári eða í heildareignum í upphafi eða lok reikningsárs. Næsta reikningsár á eftir verða slík fyrirtæki skyld til að skrá, eins og segir í lögnum, upplýsingar um eðli og umfang viðskipta við tengda lögaðila, eðli tengsla og grundvöll ákvörðunar milliverðs. Fyrirtæki þurfa að varðveita gögn um þessi viðskipti, skilmála þeirra, veltu, eignir og önnur gögn sem kunna að hafa þýðingu við milliverðlagninguna.

Umrædd gögn þurfa jafnframt, eins og segir í lögnum, að sýna fram á verð og skilmála í sambærilegum viðskiptum milli ótengdra aðila eða hvernig verðlagningu er háttáð með tilliti til leiðbeiningarreglna OECD.

... og til fjölbreyttra viðskipta

Umræddar leiðbeiningareglur OECD eru hátt í fjögurhundruð blaðsíður og hafa að geyma ákveðið verklag við ákvörðun verðs í viðskiptum milli tengdra aðila.


Venjubundið ferli byggir á samanburðargreiningu í níu liðum sem felur m.a. í sér greiningu á hagrænum kringumstæðum, viðkomandi atvinnugrein, hlutverki hinna tengdu aðila, eiginleikum vörunnar eða þjónustunnar og starfsstefnu fyrirtækisins. Á grundvelli þessarar greiningar er valin aðferð til að ákvarða milliverð í viðkomandi viðskiptum. Reglur OECD tiltaka fimm meginaðferðir sem unnt er að beita, en bæði geta fleiri aðferðir átt við sem og fleiri en ein í hverju tilviki.

Val á aðferð ræðst að einhverju leyti á tegund viðkomandi viðskipta, en reglurnar taka ekki eingöngu til viðskipta milli tengdra aðila með svokallaðar efnislegar eignir. Undir reglurnar falla líka óefnislegar eignir (s.s. meðferð vörumerkja og einkaleyfa), fjármálagerningar (s.s. lánaviðskipti), veitt þjónusta (s.s. tölvuþjónusta, bókhaldsþjónusta og markaðsmál) og skilmálar (s.s. um skiptingu réttinda og áhættu).


Umfangið kallar á skjót viðbrögð atvinnulífsins

Miðað við flækjustig reglnanna og umfang þeirra viðskipta sem undir þær falla kemur ekki á óvart að fyrirtæki telji almennt að álitamál tengd milliverðlagningu skapi bæði reglubyrði og rekstraráhættu.

What is your assessment of your company's risk or potential exposure related to transfer pricing issues?



How prepared is your company to comply with the increased amount of guidance and transfer pricing requirements?



Í viðhorfskönnun sem Deloitte Global framkvæmdi í október í fyrra meðal fulltrúa ríflega 1.700 erlendra fyrirtækja taldi tæpur helmingur þeirra (45,6%) áhættu eða mögulega áhættu tengda milliverðlagningu vera miðlungs, mikla eða eina helstu áhættuna í rekstri fyrirtækjanna. Aðeins rétt rúmur fimmtungur taldi áhættuna litla en þriðjungur aðspurðra taldi þetta ekki eiga við um sitt fyrirtæki, en þar á meðal gætu verið fyrirtæki sem ekki eru með tengda aðila.

Það sem kemur á óvart er að aðeins rúm 16% aðspurðra voru sáttir við færni síns fyrirtækis til að mæta auknum fjölda leiðbeininga og skilyrða á þessu sviði. Tæpur helmingur var sáttur við færni síns fyrirtækis í dag en hafði áhyggjur af framtíðinni (28,3%) eða átti nú þegar erfitt í núverandi umhverfi (16,3%). Þetta er staðan þrátt fyrir að umrædd fyrirtæki hafi búið við reglur OECD til skemmri og lengri tíma, en fyrstu ríkin hófu að innleiða reglurnar á tíunda áratug síðustu aldar.

Mikilvægt er að íslenskt atvinnulíf læri af fenginni reynslu erlendis á þessu sviði og bregðist skjótt við með markvissri og heildstæðri innleiðingu reglnanna, þar sem það á við. Að sama skapi sýnir ofangreind viðhorfskönnun að íslensk fyrirtæki mega ekki tjalda til einnar nætur í þessum efnunum. Mögulegar afleiðingar annmarka á þessu sviði leyfa það einfaldlega ekki.

Í því samhengi má nefna aukna hættu á úttekt skattfirvalda og hugsanlegri endurákvörðun skattstofna og álagningu sekta og aukna hættu á tvísköttun sem leiðir af leiðréttingu milliverðs. Slík leiðrétting getur jafnframt haft neikvæð áhrif á ýmsa ferla s.s. við tollaafgreiðslu, álagningu virðisaukaskatts og afdráttarskatta, reikningsskil og endurskoðun og tengda gjaldeyrismálum vegna viðskipta milli ríkja. Þá er óátalin slakari yfirsýn yfir frammistöðu einstakra starfsstöðva og árangursmælikvarða í rekstrinum.

Víðtæk sérfræðipækning Deloitte á þessu sviði

Markviss og heildstæð nálgun Deloitte felur í grófum dráttum í sér fjóra meginþætti sem fylgja í kjölfar úttektar á stöðu viðkomandi fyrirtækis og greiningu umræddra viðskipta. Í fyrsta lagi að langtíma stefna sé mótuð sem tekur til allra tengdra aðila, í öðru lagi að skjalagerð um viðskipti hinna tengdu aðila sé í góðu horfi, í þriðja lagi að heildstæðir greiningar- og eftirlitsferlar séu settir upp og innleiddir og í fjórða lagi að tekið sé upp verklag við skjölun sem byggir á skilyrðum reglnanna.

Þessir þættir verða ræddir nánar fimmtudaginn 19. mars á morgunverðarfundum Deloitte á Grand Hótel. Aðalræðumaður fundarins verður einn helsti sérfræðingur hjá Deloitte í Danmörku á sviði milliverðlagningar. Deloitte í Danmörku þjónustar fyrirtæki víðs vegar um heim með verkefni tengd milliverðlagningu og hefur margsinnis verið valið besta ráðgjafafyrirtæki í Danmörku á því sviði. Þá mun fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins ávarpa fundinn, en ráðuneytið hefur það verkefni með höndum að gefa út reglugerð á grundvelli nýju laganna. Að auki mun fulltrúi Deloitte á Íslandi fara yfir framkvæmdina hingað til, nýju lögin og þjónustuframboð Deloitte á þessu sviði gagnvart íslenskum fyrirtækjum.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þetta svið nánar eru hvattir til að mæta á fundinn. Þá hafa sérfræðingar Deloitte á Íslandi jafnframt tekið saman kynningu á mikilvægi milliverðlagsreglna, inntaki þeirra og hvað stjórnendur þurfa að hafa í huga. Stjórnendur fyrirtækja sem hafa áhuga á slíkri kynningu, sem sniðin er að stöðu þeirra fyrirtækis, geta haft samband við undirrituð.

Símon Þór Jónsson meðeigandi á skatta- og lögfræðisviði Deloitte

Hólmfríður Kristjánsdóttir, forstöðumaður á skatta- og lögfræðisviði Deloitte

Haraldur I. Birgisson, verkefnastjóri á skatta- og lögfræðisviði Deloitte

Kökurit I:

- Sp. Hvert er mat þitt á áhættu fyrirtækis þíns eða mögulega áhættu tengda milliverðlagsmálum?
 - o Lág áhætta - 22,3%
 - o Meðal áhætta - 33,2%
 - o Mikil áhætta - 9,7%
 - o Ein stærsta áhættan - 3,6%
 - o Á ekki við - 31,2%

Kökurit II:

- Sp. Hversu undirbúið er þitt fyrirtæki til að framfylgja auknum fjölda leiðbeininga og milliverðlagsskilyrða?
 - o Eigum erfitt með að framfylgja núgildandi leiðbeiningum - 16,3%
 - o Erum sátt við núverandi stöðu, en höfum áhyggjur af framtíðinni - 28,3%
 - o Erum sátt við færni okkar í dag og til framtíðar - 16,1%
 - o Á ekki við - 39,3%